



Álfaborg/Valsárskóli

Sjálfsmatsskýrsla
2015-2016

Umbótaáætlun
2016-2017

LOKAEINTAK



Kynnt og dreift á starfsmannafundi í leikskóla 10. ágúst
Sent til allra starfsmanna grunnskólans 12. ágúst
Rædd á starfsmannafundi í grunnskólanum 16. ágúst og afgreidd á sameiginlegum
starfsmannafundi þann 22. ágúst.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	2
Áætlun um innra mat:.....	3
Viðmið um árangur	4
Sterkir og veikir þættir	8
Umbótaætlun 2016-2017.....	8

Inngangur

Í lögum 91/2008 eru ákvæði um sjálfsmat skóla. Þar eru skólar lögum samkvæmt skyldugir til að meta eigið starf (Lög um leikskóla nr. 90/ 2008, Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008) Megintilgangur með sjálfsmati er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna markvisst að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð og stuðla að faglegum grundvelli fyrir umbótum. Í Ytra mati sem gert var í Valsárskóla 2012 kom fram að bæta þyrfti innra mat í skólanum. Var skólanum gert að:

- Gera skammtíma og langtímaáætlun (til 3-5 ára) um innra mat og hvernig allir þættir skólastarfs eru metnir
- Hafa mat á skólastarfinu fjölbreyttara.
- Veita þarf öllum hagsmunahópum tækifæri til að taka þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati.
- Gera þarf tímasetta umbótaáætlun fyrir skólann þar sem kemur fram að hverju á að stefna, hver eru viðmiðin og hver/hverjir bera ábyrgð á framkvæmd.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.

Skýrslan leitast við að koma til móts við þessar ábendingar Mennta og menningarmálaráðuneytisins.

Í sjálfsmati er greint frá innra mati skólans þar sem tekið er mið af niðurstöðum sem liggja fyrir um innra starf og stefnu . Matið er unnið af skólastjóra skólans á grunni upplýsinga sem

safnað hefur verið. Niðurstöður eru bornar saman við markmið skólans, stefnu Svalbarðsstrandar í fræðslumálum og metnar eru sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Í kjölfar matsins er lögð fram umbótaáætlun sem unnið er eftir næsta skólaár.

Sjálfsmat skóla á að byggja m.a. á:

- Foreldrakönnun
- Nemendakönnun
- Starfsmannakönnun
- Starfsmannasamtölum
- Vettvangsathugunum
- Samtölum við nemendur
- Námsmati skólans.
- Skráningar í mentor (mætingar, hegðun og virkni í ýmsum verkefnum o.fl.)
- Fundagerðir kennarafunda, starfsmannafunda og skólalæðings.
- Áherslum sveitarstjórnar í fræðslumálum

Áætlun um innra mat:

Innra mat Álfaborgar/Valsárskóla skiptist niður á fjögur ár og er gert ráð fyrir því að allir þættir skólastarfsins séu metnir á fjögura ára fresti.

Þættir sem meta þarf:

- Skólanámskrá – s.s. sameignleg stefna, markmið, námsmat og inntak náms
- Starfsáætlun – s.s. skipulag, stoðþjónusta, skólareglur og verkferlar
- Nám – s.s. námsárangur, námskröfur og námsmat
- Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf
- Kennsla – kennsluhættir og starfsþróun
- Starfsfólk – starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf
- Stjórnun
- Viðmót og menning skóla
- Aðbúnaður
- Samstarf heimila og skóla

- Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið
- Umbótaaðgerðir/þróunarstarf
- Ráðstöfun auðlinda – s.s. fjármagns, tíma og búnaðar
- Grunnþættir menntunar – læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð

Matsþættir skiptast með eftirfarandi hætti á fjögur skólaár

2015-2016 Skipulag skólastarfs og stjórnun.

Ráðstöfun auðlinda – s.s. fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar, Stjórnun, starfshættir, endurmenntun,

2016-2017 Tengsl og líðan nemenda og starfsmanna

Líðan, þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf, félagsstarf, aðbúnaður, Samstarf heimila og skóla, samstarf við nærsamfélagið, önnur skólastig. Viðmót og menning skóla.

2017-2018 Nám og kennsla.

Námsárangur, námskröfur og námsmat, kennsluhættir og starfsþróun. Markmið og inntak náms. Grunnþættir menntunar – læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð. Áhersluþættir leiðtogasamfélagsins: Virkni, Umhyggja, Víðsýni, jákvæð snerting, leiðtogahæfni.

2018-2019 Þróunarstarf, skólanámskrá, starfsáætlanir

Stefna, markmið, stoðþjónusta, skólareglur og verkferlar Umbótaaðgerðir/þróunarstarf

Viðmið um árangur

Viðmið innra mats er að úrbóta sé þörf ef meira en 10% svaranda svarar neikvætt og ef tveir eða fleiri aðilar gera athugasemdir við sama hlutinn. Ekki hefur verið rætt við nemendur leikskólans og er það galli á niðurstöðu innra mats þetta árið.

Ráðstöfun auðlinda – s.s. fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar,

Fjármagn – í lagi

Engar athugasemdir hafa verið gerðar við ráðstofun fjármagns í skólanum. Skólastjóri hefur í samvinnu við sveitarstjórn unnið að fjárhagsáætlun og er reynt eftir fremsta megni að láta þarfir skólans endurspeglast í fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn hefur gert allt sem í hennar valdi

stendur til að bæta aðbúnað m.a. með því að endurnýja gólfefni, stóla, borð, aðstöðu í sundlaug og eldhúsi svo nokkur dæmi séu nefnd.

Tími/nýting mannaúts – þarfnast úrbóta

Innan við 10% töldu hinsvegar að vinnutími þeirra sé hæfilega langur og er það ánægjulegt því á síðasta ári var aukin viðvera grunnskólakennara í skólanum þannig að dagleg viðvera er í samræmi við störf leikskólakennara. Vinnudagur grunnskólakennara er þó 30 mínútum lengri á hverjum degi en sá tími er ekki bundinn í skólanum. Önnur svör starfsmanna bentu þó til að betur þyrfti að skipuleggja tíma starfsfólks því meira en 10% starfsmanna telur einnig að sér takist ekki að ljúka verkefnum á tilsettum tíma, að vinnuálag sé of mikið og þau séu of þreytt eftir vinnudaginn. Vísendingar komu fram í starfsmannakönnun (meira en 10%) og starfsmannasamtölum (tveir eða fleiri) um að mikið álag liggi að hluta til í því að starfsfólk viti ekki til hvers er ætlast af þeim, stuðningur starfsfólks og samvinna sé ekki að bera nægjanlegan árangur eða að verkefnum sé ekki jafnt dreift. Meira en 10% starfsmanna telja að vinnuálagið sé svo ójafnt að verkefnin hlaðast upp.

Búnaður – í lagi

Í starfsmannakönnun svara allir starfsmenn að alltaf eða oftast hafi þau nauðsynleg bjargráð (svo sem aðstoð eða aðbúnað) til þess að leysa verkefni sín.

Nokkrar ábendingar hafa verið gerðar við að ísskáp vantí á kaffistofu grunnskólans en það verður lagað þegar ljóst verður hvort skólinn á ísskáp sem hægt er að setja á kaffistofuna.

Annars er reynt að kaupa allt sem vantar til skólastarfsins og það enduspeglast í jákvæðu viðhorfi starfsmanna.

Skipulag skólastarfs – þarfnast úrbóta.

Eitt af markmiðum Álfaborgar/Valsárskóla er gæða nám og gæða kennsla. Eitt grundvallaratriði þess er að nemendum sé gefinn vinnufriður. Þá er ekki átt við dauðþögn heflur að nemendur sé alltaf gefið tækifæri til náms. Meira en 50% nemenda grunnskólans svara því að oftast eða alltaf hafi þau ekki frið til að vinna að verkefnum sínum í grunnskólanum. Meira en 50% nemenda telja að truflun á vinnufriði sé frá öðrum nemendum. Í starfsmannasamtölum kom fram að fleiri en einn starfsmaður leikskólans telji vera of mikill hávaði í leikskólanum. Stundum er hávaðinn vegna barnanna og stundum vegna þess að

starfsfólk talar saman yfir börnunum og skapar þannig hávaða. Í foreldrakönnun kemur fram að meira en 10% foreldra telji að börn þeirra hafi ekki nógu gott næði til að sinna verkefnum sínum í skólanum.

Meira en 10% nemenda segja að öðrum nemendum sé strítt í kennslustund þegar kennarinn er til staðar og enn fleiri segja að nemendum sé strítt þegar enginn kennari er í kennslustofunni. Einnig telja meira en 10% foreldra að stríðni fari fram á göngum og í skólabílnum. Meira en 10% nemenda reyna ekki alltaf eða oft að stöðva stríðni þegar þau verða vitni að henni og meira en 10% láta ekki alltaf eða oft vita.

Meira en 10% foreldra eru ekki ánægðir með matinn í mötuneytinu.

Tveir eða fleiri foreldrar hafa gert athugasemdir við skipulag félagsstarfssins og telja að of langt fram á kvöld. Þar sé ekki tekið nægjanlegt mið af því þegar próf og skóli eru daginn eftir.

Meira en 10% nemenda telja að frímínútur séu ekki oft eða alltaf skemmtilegar. Of magir finnast aðrir krakkar ekki vilja vera með sér, þó fáir kvíði frímínútum.

Í skólastefnu Svalbarðsstrandarhrepps kemur fram að Samvinna og samráð milli heimila og skóla er forsenda farsæls skólastarfs. Meira en 10% foreldra telja að upplýsingar til foreldra séu ekki nægjanlega góðar og undir það tekur meira en 10% starfsmanna skólans.

Stjórnun – þarfnast úrbóta.

Meira en 10% starfsmanna telja að þeir fái ekki stuðning frá staðgengli skólastjóra eða deildarstjóra þegar við á. Í starfsmannasamtölum kom fram að fleiri en tveir töldu að staðgengill hafi ekki getu eða vilja til að bregðast við þeim vanda sem kemur upp við stjórnun skólans, hann gætti ekki jafnræðis og léti tilfinningar hafa of mikil áhrif á stjórnunina. Fleiri en tveir starfsmenn töldu að deildarstjóri væri ekki nógu afgerandi í deildarstjórninni, þyrfti að skipulegga starf starfsmanna betur (t.d. fataklefi og matartími) og tæki ekki af skarið þegar úrlausna væri þörf. Meira en 10% foreldra eru ekki ánægð með stjórnun skólans og er þá líklegt að átt sé við skólastjóra en aðra yfirmenn.

Í starfsmannasamtölum kom fram að starfslýsingar væru ekki nógu skýrar og þær þyrftu að vera sýnilegri og í betri tengslum við dagleg störf. Fleiri en tveir töldu að skólastjóri gæfi ekki færi á umræðu nógu snemma þegar breytinga er að vænta. Þarf að gefa fólki færi á að hugsa um málin áður en þarf að taka ákvörðun eða gagnrýna ákvörðun sem hefur verið tekin. Erfið staða fyrir starfsmenn. Tveir eða fleiri starfsmenn töldu einnig að skólastjóri þyrfti að skýra

betur stefnuna sem verið er að innleiða. Erfitt að sjá samhengi í lesefni og því sem við erum að gera í skólanum. Hluti af því er að mörkin ekki skýr milli skólastjóra, kennara og nemenda. Hvar eru ákvarðanir teknar og hvar er ábyrgðin.

Starfhættir og skólamenning – þarfnast úrbóta

Öllum starfsmönnum líður vel í vinnunni og lang flestir foreldrar telja að börnum þeirra líði vel í skólanum. Það er því ekki hægt að draga þá ályktun að starfhættir og skólamenning sé ekki góð í skólanum þó úrbóta sé þörf. Í skólustefnu Svalbarðsstrandarhrepps kemur fram að í skólum Svalbarðsstrandarhrepps eru nemendur, starfsfólk og foreldrar ein liðsheild og einkennist starfið af umhyggju, virðingu og gleði. Velliðan nemenda er grunnur að árangri í skólastarfi.

Komið hefur fram að margir nemendur grunnskólans telja að stríðni sé umborin í skólanum og vinnufriður sé ekki nógu oft til staðar í skólanum. Meira en 10% nemenda líður ekki alltaf eða oft vel í skólanum og fá ekki þann félagsskap sem þeir sækjast eftir. Einnig telja meira en 10% nemenda að kennarinn þeirra sé ekki alltaf eða oftast sanngjarn við nemendur. Í leikskólanum eru einstaklingar sem ítrekað fara yfir mörk sem þeim eru sett.

Í skólustefnu Svalbarðsstrandarhrepps kemur fram að starfsfólk skólanna þarf að hafa gott sjálfstraust, sýna frumkvæði og vinna ólík störf með jákvæðni og gleði. Daglegt starf þarf að einkennast af virðingu fyrir hverjum og einum, fagmennsku og miklum metnaði til að ná sem bestum árangri. Skólarnir leggja áherslu á að efla einstaklinga sem geta skapað gott samfélag þar sem áhugi, traust og sáttfýsi einkenna samskiptin. Meira en 10% starfsmanna telja að vinnustaðurinn sé ekki laus við samskiptavandamál og meira en 10% starfsmanna telja að þeir verði að gera eitthvað sem þeim finnst að ætti að gera öðruvísi.

Í viðtölum við nemendur grunnskólans töldu tveir eða fleiri nemendur að kennarar væri ósanngjarnir við þá og tveir eða fleiri telja að þeim sé of oft strítt í skólanum. Í starfsmannasamtölum töldu tveir eða fleiri að sumir starfsmenn væru með sérstakan húnor og ættu það til að fara yfir strikið þannig að það væri óþægilegt fyrir aðra. Fleiri en tveir töldu um að skólastjóri hefði þennan stjórnunarstíl og þá fengi fólk á tilfinninguna að markmiðið væri að skapa streitu og óöryggi hjá starfsfólki.

Sterkir og veikir þættir

Í Álfaborg/Valsárskóla er mikil ánægja með vinnustaðinn og allir starfsmenn telja að þeir geti mælt með honum við aðra. Nemendur eru frekar jákvæðir í mati sínu og flestir foreldrar gefa skólanum góða dóma. Sveitarstjórn er jákvæð gagnvart skólustarfinu og veitir skólanum þær bjargir sem hann þarf til að reka gott skólustarf. Miklar breytingar hafa verið gerðar á skólustarfinu síðustu ár en þrátt fyrir það einkennist starfsemi skólanna að einingu og áhuga. Starfsmenn leggja sig fram um að sýna sveigjanleika og gera það sem til er ætlast.

Veikir þættir sem fylgja miklum breytingum er mikið vinnualag á starfsfólki, óöryggi og streita í starfi. Grundvallarþættir sem unnið er að eru ekki nægjanlega skýrir og starfsfólk og nemendur vita ekki alltaf til hvers er ætlast af þeim. Hluti af streytu og álagi í starfi tengist ónógum vinnufrið í tímum og neikvæðum samskiptum nemenda í skólanum. Skólamenning er almennt góð en þó má móta hana enn betur þannig að hún þjóni betur markmiðum skólustefnu Svalbarðsstrandarhrepps og áherslum skólanna á Umhyggju, Jákvæða snertingu, Uppgötvun, Vinsemd, Virðingu, Virkni og Víðsýni.

Umbótaætlun 2016-2017

Þeir þættir sem voru undir viðmiðunarmörkum í sjálfsmatinu eru grunnurinn af umbótaáætlun skólans. Punktarnir voru teknir út og ræddir á fundi starfsmanna leikskóla 10. Ágúst. Þær hugmyndir sem komu fram á fundinum eru settar fram sem tillögur til úrbóta.

Hugmyndir:

Mikið álag á starfsfólki

- Óvissa um hverju er von á í skólanum. Kynna breytingar og skipulag fyrir. Starfsmenn vilja koma meira að skipulagi, fyrir.
- Vera duglegri að tala saman, spyrja ef eitthvað er óljóst.
- Álag ef það eru of mörg börn á starfsmann.
- Álag í kringum þemaviku- fleiri koma að skipulagi.

Kaupa ísskáp

Skóða með Maríu – hver er þörfin. Til ísskápar í eldhúsi í grunnskóla, ísskápur í tónlistarskóla, Ísskápur á Straumi, tveir í leikskóla.

Bæta vinnufrið í tímum/minnka hávaða á vinnusvæðum

Purfum meira að passa okkur að skipta börnum í leikskólanum meira upp, stjórna hvað þau eru að gera. Velja dót fyrir krakkana. Velja vegna samskiptum. Ekki hlaupa inni – nota eðlilega rödd inni.

Bæta samskipti barna.

Ekki leiðinleg samskipti í leikskóla, líklega frekar í grunnskóla. Þó smá vandamál með þá einstaklingar sem eiga erfitt með sig – varla hægt að gera meira í því.

Bæta samskipti fullorðinni

Humor sem ekki er fyndinn, þykja alltaf vænt um hvort annað. Álag í starfi skapar álag í samskiptum. Starfsfólk er að skipa hvort öðru fyrir þegar deildarstjóri og skólastjóri eru ekki. Passa að biðja fólk um að hjálpa sér og ræða um þær breytingar sem gera þarf.

Bæta samskipti barna og fullorðinna

Sýna umhyggju – alltaf, líka þegar verið er að leiðbeina (skamma). Þykja vænt um einstaklinga áður en þeim er leiðbeint (á við bæði börn og fullorðna)

Bæta matinn í mötuneyti/finna betur út hvað er að

Skoða nýjan matráð – athuga næst

Endurskoða tímasetningar á félagsstarfi.

Engar hugmyndir -færa á föstudag

Hafa fjölbreyttari afþreyingu í frímínútum, bæta samskipti og samvinnu í frímínútum.

Engar hugmyndir – allir út.

Viðnaliðverkefni.

Virkja krakkana betur.

Virkja leiðtoga í leiki

Hafa hamar og nagla

Bæta upplýsingar til foreldra

Muna að setja allt á facebook. Upplýsingatafla

Segja eitthvað jákvætt um krakkana

Bæta stjórnun skólans: Staðgengill skólastjóra, Deildarstjóri, Skólastjóri

Hafa fundi – skrifa í dagbók

Hafa fund með stjórnendum í upphafi dags þar sem farið er yfir skipulag dagsins og mál sem komið hafa upp.

Skipuleggja daginn.

Byrja leikskólann á starfsdegi.

Setja skipulag starfsmanna í fataklega og matartíma – hver á að vera hvar.

Senda ekki krakka út eftirlistlaus á klósett og ekki láta þau fara fram á undan starfsmanni.

Bæta starfslýsingar og hafa þær sýnilegri og í betri tengslum við starfið

Fara yfir starfslýsingar í starfsmannasamtölum í október.

Í upphafi vetrar skilgreina deildarstóri og skólastjóri verk svið sín, hefur ekki verið skýrt.

Fjárhagsáætlun – kaupa fánastöng.

Minnka hávaða í leikskóla

Athuga með teygjulak með kubba.

Skýra betur stefnu skólans bæði fyrir starfsmönnum og nemendum

Ræða í hópastarfi.

Skólastjóri þarf að koma til nemenda þegar hún segist ætla að koma – eða láta vita með góðum fyrirvara. Taka tíma til að ræða og skoða á starfsmannafundum.

Ræða um ábyrgð og ávarðanir – hvar liggur það nú, hvernig viljum við sjá það.

Engar athugasemdir

Vinna að því að starfsfólk og nemendur séu ein liðsheild

Hafa ferðir og sameiginlegar samverur. Sparikaffi. Leggja okkur fram um að þykja vænt hvort um annað

Klára ferðina.

Minnka stríðni í skólanum

Ræða um hvað er stríðni – setja skýr mörk. Vináttuverkefnið.

Auka frumkvæði starfsfólks

Aðgerðir skólaárið 2016-2017

Þættir í umbótaáætlun til að styrkja veiku hliðar í matinu. Skólastjórinn ber ábyrgð á framkvæmdinni en það er á ábyrgð matsteymisins að fylgja henni eftir. Starfsmannafundur er matsteymi Álfaborgar/Valsárskóla.

Aðgerðir í Álfaborg/Valsárskóla skólaárið 2016 – 2017 eru eftifarandi:

Skólastjóri og deildarstjóri leggja fram drög að mánaðarskipulagi í upphafi mánaðarins áður en skipulagið tekur gildi. Skólastjóri sendir mánaðarskipulag í lokadrögum til starfsmanna í fimmtudagspóstum í vikunni fyrir mánaðarmót. **Skoða í desember hvernig gengur.**

Skilgreina tíma hjá starfsfólki til að kynna sér fimmtudagspósta, ekki allir í leikskólanum sem geta gert það í undirbúningstímanum. **Skilgreining á tíma til að lesa fimmtudagspóst er skilgreint í september.**

Allir starfsmenn þurfa að vinna að því að ræða saman um skipulagið og upplýsa hver annan. Það er ekki aðeins stjórnenda að koma upplýsingum áfram. Starfsmenn þurfa að spyrja alltaf ef eitthvað er óljóst. **Skoða í desember hvernig þessir þættir hafa gengið.**

Deildarstjóri og skólastjóri passa betur að starfsmenn í leikskóla séu ekki með of mörg börn í einu. **Skoða í desember hvernig þessir þættir hafa gengið.**

Skólastjóri og deildarstjóri kynna skipulag þemavikna tímanlega áður en þemavikurnar byrja. Gefa fólki tækifæri til að vinna sjálfir að hugmyndum verkefna. **Skoða í febrúar hvernig þessir þættir hafa gengið.**

Skólastjóri talar við Maríu um þörf á ísskáp hjá henni. **Klárað í september.**

Skipulag í leikskóla þarf að bæta. Starfsmenn athuga hvernig þeir tala yfir börnum og gæta þess að það skapi ekki mikinn hávaða. Ræða um raddbeitnigu, tala rólega/eðlilega inni. Hlaupaleikir eru útileikir. **Taka upp í desember og skoða hvernig staðan er.**

Á fyrsta samtalsdegi ræða umsjónarkennarar við nemendur og foreldra þeirra nemenda sem aðrir nemendur hafa nefnt í nemendamatinu. Allir kennarar skólans leita leiða til að minnka hávaða í skólanum og umræða um það er tekin á kennarafundi í september. Mikilvægt er að allir starfsmenn skólans taki ábyrgð á þessum málum og minni nemendur á í hvert sinn sem þeir eru með óþarfa hávaða. **Rætt á kennarafundi í september. Skoðað í desember.**

Til að bæta samskipti milli nemenda er lögð áherla á að innleiða vináttuverkefni í skólann. Bryndís kemur inn í hópastarf eða samverustundir til að leiðbeina starfsfólki með það. Hugmyndafræðin rædd á starfsmannafundi í grunnskóla og hugmyndafræðin unnin á yngsta stigi. **Staðan tekin í desember.**

Starfsfólk leggur áherslu á að tala fallega hvort við annað, leiðbeina ekki eða gagnrýna nema það sé gert með umhyggju. Skipum ekki hvort öðru fyrir þó skólastjóri og deildarstjóri séu ekki á svæðinu. Tölum ekki um hvort annað – tölum við hvort annað. **Skoðað í desember.**

Skipulag á opnum húsum: Félagsskennari ræðir við nemendur og foreldra (t.d. senda stutta foreldrakönnun) og finna út hvernig best er að haga þessum málum. **Unnið í september.**

Kennarar ræða á bekkjarfundum við nemendum hvað við getum gert til að gera frímínútur betri. Koma með hugmyndir til að ræða á skólapingi. **Staðan tekin í desember.**

Á heimasíðunni kemur fram að allar fréttir og myndir frá daglegu starfi skólans séu settar inn á facebooksíðuna. Anna Dís gerir það í vetur og skólastjóri gætir þess að hún hafi til þess tíma. Umsjónarkennarar og deildarstjóri senda póst heim á föstudögum og þar kemur fram ef eitthvað breytist. **Staðan tekin í desember.**

Deildarstjóri og skólastjóri hafa fund á morgnanna þar sem farið er yfir skipulag dagsins og hvernig á að framkvæma starfið þann daginn. Skrifað á töflu/dagbók á hverjum degi um það sem þarf að koma til starfsmanna. **Staðan tekin í desember.**

Skólastjóri skipuleggur matartíma og tekur skýrt á því hvar hver starfsmaður á að vera. Deildarstjóri skipuleggur hvenær hver starfsmaður á að fara út fyrir og eftir mat. Deildarstjóri skipuleggur verkefni starfsmanna. **Staðan tekin í október.**

Starfsmenn leikskólans þurfa að fá einn starfsdag í upphafi skólaárs. **Athuga á næsta ári.**

Allir starfsmenn gæta þess að krakkar séu ekki eftirlistlaus á klósetti eða í fataklefa. Ekki láta

þau fara á undan starfsmönnum. Starfsmenn skoða hver fyrir sig. **Staðan tekin í október.**

Bæta starfslýsingar og hafa þær sýnilegri og í betri tengslum við starfið. Allar starfslýsingar verða sendar til starfsmanna fyrir starfsmannasamtal í október. **Skoðað í desember .**

Fjárhagsáætlun – kaupa fánastöng. **Athuga í október**

Skólastjóri nýtir betur tækifærin þegar hann ræðir við foreldra um að koma skilaboðum áleiðis. Skólastjóri kemur á bekkjarfundi/samverufundi einu sinni í mánuði í hverjum hóp og ræðir stefnuna. Kennarar reyna að tileinka sér tungutakið og hugmyndafræðina með því að lesa og ræða bókina um tilfinningagreind. **Athuga í desember.**